




Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð 66. Fjórðungspings Vestfirðinga

Reykhólahreppi 2. júní 2021

Miðvikudaginn 2. júní 2021, var 66. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Bjarkalundi á Reykhólum.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

### **Þingsetning**

Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 10.00 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerði þá að tillögu að þingforseti yrði Ingibjörg Birna Erlingsdóttir frá Reykhólahreppi og varaforseti yrði Jón Gísli Jónsson frá Strandabyggð.

Tillagan samþykkt og tók þingforseti Ingibjörg Birna við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna og fór yfir dagskrá þingsins og fyrirkomulag á framlagningu mála á þinginu. Þingforseti kynnti einnig að þinginu væri streymt..

Þingforseti gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Lína Björg Tryggvadóttir starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti lagði til að dagskrárliðir tvö og þrjú séu teknir saman og umræður verði eftir að endurskoðuð fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram.

## **1. Skýrsla stjórnar og rekstrareiningar sem stjórn FV ber ábyrgð á**

Þingforseti gaf Jóhönnu Ösp Einarsdóttur formanni FV orðið. Hún fjallaði um sameiningar sveitarfélaga en sveitarfélögin eru í annarri stöðu en í upphafi árs 2020 varðandi það mál. Ekki væri lengur einblínt á 1000 íbúa sem lágmarksíbúafjölda heldur yrði horft á getu sveitarfélaganna til að veita lögbundna þjónustu. Heimsfaraldur Covid 19 hefði farið illa með rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum, dregið var úr framlögum Jöfnunarsjóðs og áhrif vinnutímastyttingar væru nú að koma í ljós sem kostnaðarauki.

Hún kynnti að umfjöllun um einstök verkefni í starfi Fjórðungssambandsins yrðu rædd á ársfundi Vestfjarðastofu eftir hádegið í dag. En í skýrslu stjórnar legði hún áherslu á mikilvægi grundvallarskjala Fjórðungssambandsins fyrir vinnu stjórnar. Þar væru ályktanir Fjórðungspinga, Jarðgangnaáætlun, Samgönguáætlun og síðast en ekki síst Sóknaráætlun Vestfjarða. Um þessi skjöl yrði ávallt vera umræða og hreinskiptin skoðanaskipti á vettvangi Fjórðungspinga. Lagði hún áherslu á að sveitarfélögin væru til þjónustu fyrir íbúa og hugmyndafræði þjónandi forystu. Vísast að öðru leyti til skýrslu stjórnar í gögnum þingsins.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn hvað sér hljóðs

## **2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á**

Pingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarsyni sviðstjóra byggðapróunarsviðs Vestfjarðarstofu og framkvæmdastjóra Fjórðungsambands Vestfjarða orðið.

Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2020 sem var staðfestur á stjórnarfundum 28. apríl s.l. en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins þann 27. apríl s.l.. Ársreikningur var sendur til sveitarfélaga þann 18. maí s.l. ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni ársreiknings og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins. Hann kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2020.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2020 námu tekjur 299.201 þkr, en rekstargjöld 299.178 þkr. Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 23 þkr. en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda er rekstrarafkoma jákvæð um 3.866. þkr. Þar var áhrif vegna slita Atvest ehf 3.241 þkr.

Vegna verkefna í vinnslu er gert er ráð fyrir að um 31.214 þkr. flytjist til ársins 2021, um er að ræða verkefni vegna m.a. almenningssamgangna, byggðapróunar, menningarmála, sóknaráætlunar og viðaukasamnings vegna sóknaráætlunar.

Heildareign Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2020 nam 122.953 þkr, en skuldir og skuldbindingar 75.572 þkr. Eigið fé sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi nam á sama tíma 47.381 þkr.

Áætluð lífeyrisskuldbinding Fjórðungssambandsins var metin í lok árs 2020 47.300 þkr. samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin er ekki færð í ársreikninginn.

Fram kom að rekstarniðurstaða ársreiknings fyrir fjármagnsgjöld er lítillaga betri en í fjárhagsáætlun sem samþykkt var á 64. Fjórðungspingi, haustþing 2019. Tekju- og gjaldaáætlun er hinsvegar um 30 mkr lægri en áætlað var, skýrist það með að gert var ráð fyrir tekjum vegna verkefnastyrkja m.a. frá Byggðaáætlun og samsvarandi útgjöld á móti. Umsóknir fengust ekki samþykktar og þessum áhrifum á tekjur og gjöld.

Rekstarniðurstaða er 3,6 mkr hærri en nemur í fjárhagsáætlun fyrir 2020, nemur þar mestu áhrif slita á Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða í lok árs 2020, eða 3,2 mkr. En á árinu var loks lokið við uppkaup FV alls hlutafjár í félaginu og situr þá eftir eignarhluti FV í félaginu.

Aðalsteinn fór síðan yfir skýringar með ársreikningi þar sem gert er grein fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins og vísast til þingskjals nr. 4.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Aðalsteinn að tillögu til þingforseta að ársreikningur verði samþykktur.

### **3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár**

Með leyfi þingforseta hélt Aðalsteinn áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2021.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun var send til sveitarfélaga þann 18. maí s.l. ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni þess og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins, vísast að öðru leyti til þingskjals nr. 6..

Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2021 í samanburði við áætlun sem samþykkt var á 65. Fjórðungspingi Vestfirðinga – haust. Við gerð áætlunar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2020 og stöðu bókhalds í lok apríl.

Stjórn Fjórðungssambands vann tillögu með sviðsstjóra að endurskoðaðri fjárhagsáætlun og lagði fyrir fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins. Fjárhagsnefnd fjallaði um tillöguna á fundi 27. apríl og 3. maí s.l. og tillagan á þingskjali 6 er tillaga nefndarinnar til 66. Fjórðungspings Vestfirðinga – vor.

**Tekjuáætlun** gerir í heild ráð fyrir lítilsháttar hækkun tekna, en breytingar eru í rekstri einstakra deilda sem hér segir.

Framlög ríkissjóðs. Tekjur lækka um 19,2 mkr, þar lækka framlög til Markaðsstofu um 16,4 mkr og ekki er gert ráð fyrir verkefnastyrk frá Byggðaáætlun til byggðapróunar 15 mkr, á móti kemur hækkun á framlagi til Sóknaráætlunar um 12,5 mkr. Framlög til Markaðsstofu lækka þar sem starfsemi hennar færirst til Áfangastofu Vestfjarða sem rekin er af Vestfjarðastofu.

Framlög Jöfnunarsjóðs. Í fjárhagsáætlun 2021 var gert ráð fyrir lækkun framlaga Jöfnunarsjóðs vegna óvissu um útsvarstekjur og skatttekjur sökum heimsfaraldurs Covid 19. Ný áætlun sjóðsins gefur til kynna að þessar tekjur breytist lítið frá árinu 2020 og því eru áætlaðar tekjur hækkaðar að nýju.

Framlög sveitarfélaga. Tillaga um sömu tekjur og í fjárhagsáætlun 2021.

Aðrar tekjur. Tillaga um sömu tekjur og í fjárhagsáætlun 2021.

Ónotaðir styrkir færðir frá fyrra ári. Liðurinn hækkar um 15 mkr, ekki náðist að ráðstafa eldri framlögum til almenningsgangna um 10 mkr, felldir voru niður styrkir Uppbyggingarsjóðs nema 3,5 mkr (sem kom til endurúthlutunar) og 1,5 mkr eru eftirstöðvar fjármagns til vinnu að Samgönguáætlun Vestfjarða (Jarðgangaáætlun Vestfjarða).

Vaxtatekjur. Tillaga um lítilsháttar hækkun vaxtatekna frá fjárhagsáætlun 2021.

**Gjaldaáætlun**

Laun og launatengd gjöld. Hér er um að ræða greiðslur vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna FV í B deild LSR. Í fjárhagsáætlun 2020 var launaþróun á árinu 2020 vanáætluð og eins í áætlun fyrir árið 2021 og tillaga um rúmlega 1 mkr hækkun.

Framlag til Vestfjarðastofu. Framlag lækkar um 28 mkr, nemur þar mestu 16 mkr lækkun framlags vegna Markaðsstofu þar sem starfsemi stofunnar færast til Áfangastofu Vestfjarða og að ekki kemur til útgjalda vegna verkefnis í byggðaðþróun 15 mkr. Á móti kemur hækkun framlags vegna reksturs skrifstofu, 3 mkr.

Áhersluverkefni; greiðslur til Vestfjarðastofu vegna áhersluverkefni hækka um 16 mkr, munar þar mestu 12,5 mkr vegna nýs áhersluverkefnis Vestfjarðastofu á grundvelli hækkunar framlaga til Sóknaráætlunar og 3,5 mkr hækkun vegna tekna sem skapast vegna ráðstöfunar niðurfelldra verkefnastyrkja.

Greiddir styrkir. hækkun útgjalda vegna ráðstöfunar niðurfelldra verkefnastyrkja.

Aðkeyptir verktaka, hækkun vegna ráðstöfunar niðurfelldra verkefnastyrkja

Aðkeypt sérfræðisþjónusta, 3,5 mkr lækkun á áætlaðri sérfræðisþjónustu sem fjármögnuð er með áður niðurfelldum verkefnastyrkjum.

Annar skrifstofukostnaður og önnur gjöld, óbreytt tillaga frá fjárhagsáætlun

**Rekstarniðurstaða.** Áætluð neikvæð rekstarniðurstaða hækkar um 600 þkr, munar þar mestu hækkun útgjalda vegna áætlaðrar hækkunar lífeyrisgreiðsla vegna fyrrum starfsmanna.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Aðalsteinn að tillögu til þingforseta að endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021 verði samþykkt.

Að lokum vísaði Aðalsteinn til fundargerða fjárhagsnefndar í gögnum þingsins og vísaði þar til umræðu um þróun á starfi nefndarinnar á fyrsta starfsári m.a. hvernig fjalla ætti um framlög FV til Vestfjarðastofu og ráðstöfun þeirra. Á fundi nefndarinnar þann 3. maí var bókað eftirfarandi „Formaður taldi meiri reynsla kæmist á störf nefndarinnar við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 í aðdraganda 66. Fjórðungsþing að hausti, m.a. kæmi einnig til skoðunar að setja fram þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlanir Vestfjarðastofu væru til umfjöllunar innan þeirrar stofnunar en verkefni nefndarinnar væri að yfirfara þau framlög sem renna til hennar frá Fjórðungssambandi. Verulegur árangur hefði einnig náðst við breytta framsetningu fjárhagsáætlunar.“

Þingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2020 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2021.

Enginn hvað sér hljóðs

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning 2020 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Tillagan samþykkt einróma.

#### **4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.**

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður og bar upp tillögu um að næsta haustþing verði haldið föstudaginn 29. og laugardaginn 30. október nk. og að þingið verði haldið á Ísafirði

Pingforseti gefur orðið laust

Engin hvað sér hljóðs.

Ákvörðun dagsetningar borin fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða

Bornar fram tillögur um umfjöllunarefni þingsins og bíður þingforseti Jóhönnu Ösp orðið að nýju. Stjórn lagði til að umfjöllunarefni Fjórðungsþings Vestfirðinga haust yrði

*Þjónusta sveitarfélaga í þágu íbúa . Inn í því yrði fjallað um skipulag og rekstur þjónustu, fjármögnun í dag og til framtíðar og samstarf sveitarfélaga*

Forseti óskar eftir öðrum tillögum um umfjöllun á Haustþingi 21 og gaf orðið laust.

Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi tók til máls og bar upp tillögu um að Orkusýn fjórðungsins verði rædd á Fjórðungsþingi Vestfirðinga -haust og yfirskrift málefnisins verði „Sjálfbær orkustefna Vestfjarða“

Þórir Guðmundsson Ísafjarðarbæ tók til máls og bar upp tillögu um að stofnun fræðsluskrifstofu Vestfjarða verði gerð að umræðuefni á Fjórðungsþingi Vestfirðinga -haust.

##### **Greinagerð með framlagðri tillögu**

Kannaður yrði fýsileiki þess að stofna fræðsluskrifstofu Vestfjarða í samstarfi sveitarfélög á Vestfjörðum undir merkjum Vestfjarðastofu sem rekur nú þegar fjölbreytta þjónustu fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum. Markmiðið með stofnun fræðsluskrifstofu væri að standa fyrir öflugri skólaþróun á Vestfjörðum, veita lögbundna sérfræðifræðipjónustu og að styðja betur við skólaþróun á Vestfjörðum. Fjölmörg sóknarfæri eru fyrir vestfirsk sveitarfélög að auka samstarf í fræðslumálum og til að auka veitta þjónustu til barna og ungmenna. Með fræðsluskrifstofu Vestfjarða væri hægt að hafa fleiri sérfræðinga að störfum en nú er, án þess að kostnaður sveitarfélaganna vaxi að ráði en mörg sveitarfélögunum eru í dag að kaupa þjónustu utan að. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að skapa fleiri sérfræðistörf í heimabyggð og með bættem samgöngum á milli sveitarfélaga með tilkomu Dýrafjarðarganga verður þessi tillaga enn raunhæfari fyrir vikið. Með því að fela Vestfjarðastofu að reka fræðsluskrifstofu mætti sjá fyrir sér ýmis samlegðaráhrif og frjórru umræðu um nýsköpun og tækni, aukna sókn í þróunarverkefni og öflugri tengsl skóla og atvinnulífs. Horfa mætti til skólaskrifstofu Skagafjarðar sem veitir öflugan stuðning til skóla á sínu svæði og til félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga á Snæfellsnesi sem veitir skólum á sínu svæði náms- og starfsráðgjöf, sálfræðipjónustu, sjá um skimanir og grunngreiningar á þroska og líðan nemenda, þjónustu talmeinafræðings, skólafélagsráðgjöf, umsjón og skipulagning árlegrar endurmenntunar skólafólks ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum á sviði fræðslumála.

Kristján Jón Guðmundsson Bolungarvíkurkaupstað tók til máls og bar upp tillögu um að vinnutímastytting verði gerð að umræðuefni á Fjórðungspingi Vestfirðinga -haust. Ræða þurfi þann kostnaðarauka sem hlýst og hvernig sveitarfélög eigi að greiða hann

Þingforseti gaf orðið laust um framkomnar tillögur, enginn kvaddi sér hljóðs .

Þingforseti bar upp allar tillögurnar í einu lagi og voru þær samþykktar samhljóða.

## 5. Önnur mál löglega fram borin

Þingforseti gaf Jóhönnu Ösp Einarsdóttur orðið. Hún vísaði til ályktunar 65. Fjórðungspings Vestfirðinga þar sem vísað er til stjórnar að hefja endurskoðun á 5. og 10. grein samþykta og 6. grein þingskapa.

Stjórn hefði falið henni og Kristjáni Jóni Guðmundssyni stjórnamanni, að vinna að verkefninu. Í umfjöllun um málið hefði komið fram áhugi að ræða einnig breytingar á samþykktum Vestfjarðastofu. Hún vildi nýta hér dagskrárliðinn, önnur mál, til að kynna hugmyndir sem hafa komið fram varðandi breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum. Breytingar á samþykktum og þingsköpum væru samkvæmt samþykktum á dagskrá Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti. Tillögur að breytingum yrðu kynntar sveitarstjórnnum í aðdraganda þingsins en hér væru hugmyndir kynntar og óskaði hún eftir umræðu á þinginu sem stjórn tæki inn í vinnu að málinu .

Hugmyndir að breytingum eru sem hér segir

- Samgöngunefnd yrði lögð niður
- Á kosningarári verði haldið stutt þing í fjarfundi þar sem kjörin væri ný kjörnefnd og fjárhagsnefnd til að undirbúa Fjórðungsping að hausti
- Áheyrnarfulltrúar sveitarfélaga sem ekki eiga stjórnarmann fengju áheyrnarfulltrúi sem hefði málfrelsi og tillögurétt.
- Fjórðungsnefnd og allsherjarnefnd yrðu lagðar niður – vinnufundir um málefni sem liggja fyrir þinginu
- Reglur varðandi fjarfundi og gildi þeirra verði skoðað
- Breytingar verði gerðar varða 5. og 10. grein samþykta og 6. grein í þingsköpum

Þingforseti gaf orðið laust.

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri tók til máls og óskaði eftir að 4. liður þingsins yrði tekin upp að nýju. Taldi hún að málefni sem voru samþykkt væru það yfirgripsmikil að það þyrfti að þinga í þrjá daga til að komast yfir efnið þeirra. Bar hún upp tillögu um málefni haustþings verði þjónusta sveitarfélaga sem í útfærslu innifelur í sér tillögu stjórnar og tillögur Kristjáns Jóns og Þóris. Varðandi tillögu Finns þá yrði haldið verði sérstakt málþing um orkumál Vestfjarða undir merkjum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Þingforseti gaf orðið laust um tillögu Sigríðar um sameiningu umræðuefna og að haldin yrði sérstakt málþing um orkumál Vestfjarða undir merkjum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Finnur Ólafsson tók til máls og lagði til að tillaga Sigríðar yrði samþykkt.

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir Tálknafjarðarhreppi tók til máls og vildi koma því á framfæri að ekki væri tímabært að leggja niður Samgöngunefnd þegar ekki væri búið að koma samgöngum á Vestfjörðum í lag.

Engir fleiri hváðu sér hljóðs og bar Þingforseti tillögu Sigríðar fram til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Er því umfjöllunarefni 66. Fjórðungspings Vestfirðinga – haust, þjónusta sveitarfélaga í víðum skilningi.

Þingforseti minnti á kynningar samstarfsverkefna sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fara fram á milli Fjórðungþings og árfundar Vestfjarðastofu verður þeim einnig streymt á netinu.

## **6. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga til haust 2021**

Forseti þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og gaf Jóhönnu Ösp Einarsdóttur, formanni FV orðið og hún þakkaði fyrir gott þing og frestaði því til 29. október n.k. .

Ársfundur Vestfjarðastofu hófst svo kl. 13:30.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, þingforseti

Agnes Arnardóttir, þingritari

Lína Björg Tryggvadóttir, þingritari



---

## **Þingskjal 1**

### **DAGSKRÁ**

#### **Miðvikudaginn 2. júní**

Dagskrá þingsins samkvæmt 8. gr samþykktá er sem hér segir;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur ekki í undirbúningi né hafa aðildarsveitarfélög óskað eftir að taka upp önnur mál á þinginu.

Vakin er athygli á því að ársfundur Vestfjarðastofu ses verður einnig þennan sama dag og hefst kl. 13:30.

Áskilin er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið, slík dagskrábreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu, en þar verður einnig hægt að finna ársreikning fyrir árið 2020 og aðrar upplýsingar er varða þingið

## **Þingskjal 2 Atkvæðavægi**

### **Atkvæðavægi sveitarfélaga á 66. Fjórðungspingi Vestfirðinga**

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig:

Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði.

Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

**Íbúar**  
**1.jan.21**

<b>Heiti sveitarfélags</b>	<b>Fjöldi íbúa</b>	<b>Grunn atkvæði</b>	<b>Fjöldi atkvæða</b>
<b>Reykhólahreppur</b>	236	300	536
<b>Vesturbyggð</b>	1064	300	1364
<b>Tálknafjarðarhreppur</b>	268	300	568
<b>Bolungarvík</b>	958	300	1258
<b>Ísafjarðarbær</b>	3794	300	4094
<b>Súðavíkurhreppur</b>	201	300	501
<b>Árneshreppur</b>	42	300	342
<b>Kaldrananeshreppur</b>	110	300	410
<b>Strandabyggð</b>	435	300	735
<b>Samtals</b>	<b>7108</b>	<b>2700</b>	<b>9808</b>

**Þingskjal 3 Skýrsla stjórnar**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)

**Þingskjal 4 Ársreikningur**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)

**Þingskjal 5 Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)

**Þingskjal 6 Minnisblað með endurskoðaðri fjárhagsáætlun FV 2021**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)

**Þingskjal 7 Fundargerð fjármálanefndar FV 27. apríl 2021**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)

**Þingskjal 8 Fundargerð fjármálanefndar FV 3. maí 2021**

Vísað í skjal á síðu Vestfjarðastofu [hér](#)